

Innflutningsleyfi - eftirlitsgjald

Sækja þarf um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar (Mast) tímanlega fyrir innflutning. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Mast (sjá www.mast.is) Greiða skal eftirlitsgjald að upphæð kr. 9.350 og greiðsluupplýsingar eru sendar umsækjanda þegar umsókn hefur borist. Þegar staðfesting á greiðslu hefur borist er innflutningsleyfi gefið út og sent umsækjanda ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum. Leyfið gildir í eitt ár.

Heilbrigðiskröfur

Mikilvægt er að huga snemma að þeim kröfum sem gerðar eru um bólusetningar, blóðsýni o.fl. þar sem tiltekinn tími þarf að líða frá því að bólusett er og þar til taka má sæði úr hundinum til innflutnings. Sjá nánar um heilbrigðiskröfur og vottorð á síðu 2.

Óheimill innflutningur

Óheimilt er að flytja inn sæði hunda af eftirtöldum tegundum svo og blendinga af þeim: *Pit bull terrier / staffordshire bull terrier, Fila brasileiro, Toso inu, Dogo argentino*. Einnig blendinga af úlfum og hundum. Mast getur auk þess hafnað innflutningi annarra tegunda teljist stafa hætta af þeim.

Skapgerðarmat

Samkvæmt lögum um innflutning dýra skal ekki heimila innflutning á gæludýrum sem hætta getur stafað af og því er krafist sk. skapgerðarmats fyrir hunda (sæðisgjafa) af tilteknum tegundum. Um er að ræða hundategundir sem stærðar sinnar og/eða styrkleika vegna geta valdið alvarlegu tjóni ef þeir hafa tilhneigingu til árásargirni. Beiðni um skapgerðarmat er send umsækjendum þegar við á.

Flutningur hundasæðis til Íslands og afhending til eiganda

Sæðið skal geymt í innsigliðum höggþéttum umbúðum sem merkt er nafni innflytjanda, heimilisfangi hans og símanúmeri auk örmerkisnúmers sæðisgjafa. Flytja skal sæðið með hraðpósti ásamt frumriti allra tilskilinna vottorða, til Markaðsstofu Matvælastofnunar, Dalshrauni 1b, 220 Hafnarfirði.

Í innihaldslýsingu sendingarinnar skal skrifa: Hundasæði (dog semen), tollflokkur **0511.9909**

Að lokinni gagna- og auðkennaskoðun verður sendingin afhent innflytjanda.

Sæðing með innfluttu sæði - tilkynningarskylda

Einungis dýralæknum með starfsleyfi á Íslandi er heimilt að sæða tíkur með innfluttu sæði. Tíkur sem sæddar hafa verið með innfluttu sæði skal ekki para á sama gangmáli. Dýralæknir sem sæðir tík með innfluttu sæði skal tilkynna um það til Matvælastofnunar. Einnig skal tilkynna til stofnunarinnar ef tíkin lætur eða veikist eftir sæðingu eða á meðgöngu. Fóstur og fylgjur eftir fósturlát skal varðveita og þeim komið til rannsóknar.

Ólöglegur innflutningur

Hundasæði sem ekki uppfyllir skilyrði vegna innflutnings verður sent úr landi eða fargað bóatalaust og á kostnað innflytjanda.

Lög og reglur

Í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis er kveðið á um skilyrði vegna innflutnings og einangrunar gæludýra.

HEILBRIGÐISKRÖFUR

Heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á hundi til Íslands

Matvælastofnun gefur út heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á hundasæði (á ensku) og skal það útfyllt og undirritað af dýralækni sem hefur starfsleyfi í viðkomandi útflutningslandi. Vottorðið gildir í 10 daga frá útgáfudegi en a.m.k. 5 virkum dögum fyrir innflutning skal senda heilbrigðis- og upprunavottorð ásamt niðurstöðu mótefnaþælingar vegna hundaæðis, til Mast (með tölvupósti til petimport@mast.is) til skoðunar og samþykktar. Frumrit vottorðs og niðurstaða mótefnaþælingar ásamt innflutningsleyfi skal fylgja hundasæðinu við innflutning. Upplýsingar í vottorði um innflytjanda og sæðisgjafa skulu vera í samræmi við innflutningsleyfi.

Örmerki

Hundurinn skal vera merktur með örmerki sem uppfyllir ISO staðla. Örmerking skal framkvæmd áður en bólusetningar, sýnatökur og sæðistaka fara fram.

Bólusetningar

a) Hundaæði (bólusetning og mótefnaþæling)

- Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir sæðisgjöf.
- Hundurinn skal hafa verið a.m.k. **12 vikna** gamall við fyrstu bólusetningu.
- **120 dagar** þurfa að líða frá fyrstu bólusetningu þar til sæðisgjöf fer fram (svo fremi sem niðurstaða mótefnaþælingar er fullnægjandi). Sé um gilda endurbólusetningu að ræða (og niðurstaða mótefnaþælingar er fullnægjandi) getur sæðisgjöf farið fram 30 dögum eftir endurbólusetningu.
- Mæla skal magn hundaæðismótefnis í blóði í fyrsta lagi **30 dögum** eftir bólusetningu og skal það vera a.m.k. 0,5 a.e./ml (IU/ml). Mælingin skal framkvæmd á rannsóknarstofu sem samþykkt er af ESB í þessum tilgangi (sjá tengil á www.mast.is / innflutningur gæludýra).
- Mælist mótefni ekki nægjanlegt telst sú bólusetning sem framkvæmd er í kjölfar mælingar, vera fyrsta bólusetning.
- *Lönd án hundaæðis: Ekki þarf að bólusetja/mótefnaþæla hunda gegn hundaæði sem hafa verið a.m.k. 6 mánuði fyrir sæðisgjöf í löndum sem flokkast sem lönd án hundaæðis. Þau lönd eru Ástralía, Bretland, Finnland, Færeyjar, Hawaii, Írland, Japan, Noregur (á þó ekki við um Svalbarða), Nýja-Sjáland og Svíþjóð.*

b) Leptospirosis. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **180 dögum** fyrir sæðisgjöf en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir sæðisgjöf.

c) Hundafár (canine distemper). Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **730 dögum** fyrir sæðisgjöf en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir sæðisgjöf.

d) Smitandi lifrabólga (contagious hepatitis). Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir sæðisgjöf en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir sæðisgjöf

e) Smáveirusót (parvovirus). Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir sæðisgjöf en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir sæðisgjöf

Sýnataka (önnur en mótefnaþæling vegna hundaæðis) (í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning)

Brucella canis. Í mesta lagi **30 dögum** fyrir sæðisgjöf skal taka blóðsýni til rannsóknar á *Brucella canis*. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja sæði úr hundinum til landsins.

Heilbrigðisskoðun við sæðisgjöf

Heilbrigðisskoðun sem framkvæmd er sama dag og sæðisgjöf er framkvæmd skal staðfesta að hundurinn hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

Staðfesting eiganda á að hundurinn hafi ekki parast við tik

Óheimilt er að nota hundinn í náttúrulega þörun frá því sýni til rannsóknar á *Brucella canis* var tekið.